

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15

101 Reykjavík

Sími: 563-1770

Netfang: borgarskjalasafn@reykjavik.is

www.borgarskjalasafn.is

Enok Helgason og Petrína Kjartansdóttir

- Skjalaskrá –

Einkaskjalasafn nr. 205

Enok Helgason og Petrína Kjartansdóttir

Enok Helgason var fæddur 21. september 1895 á Hömrum, Þverárhlíðarhreppi, Mýrasýslu og lest árið 1977.

Foreldrar hans voru Þuríður Halldórsdóttir og Helgi Jónsson, Deildartungu, fæddur 2. október 1867 í Hvammi, Norðurárdalshreppi, Mýrasýslu.

Hjörtur hét bróðir Enoks. Kona Enoks var Petrína Kjartansdóttir, fædd 15. apríl 1898 á Steinólfsstöðum, Grunnavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, dain 1945. Þau voru lengst af búsett á Bræðraborgarstíg 53 í Reykjavík.

Lilja Enoksdóttir, f. 7. september 1928, færði þann 24. júlí 2001 safninu skjöl þessi að gjöf úr fórum foreldra sinna.

Skjalaskrá

Askja 1

- Ættartala Enoks og Hjartar Helgasona eftir Stein Dofra, ca 1947.
- Askja undan silkisokkum inniheldur eftirfarandi:
 - Fæðingarvottorð Enoks Helgasonar úr Þjóðskjalasafni 2. desember 1925. Ljósmynd af tveimur ungum mönnum. Á bakhlið stendur: Enok Helgason standandi.
 - Vegabréf Enoks Helgasonar, 20. janúar 1942.
 - Vegabréf Petrínu Kjartansdóttur, 20. janúar 1942.
 - Bólusetningarvottorð Petrínu Kjartansdóttur, 20. september 1910.
 - Bólusetningarvottorð Lilju Enoksdóttur, 19. september 1933 og 31. mars 1942.
 - Poesibog Enoks Helgasonar, 1915.
 - Ljóð, handskrifað: Fjórir reiðmenn, eftir Karl Gerok, í þýðingu Matthíasar Jochumssonar.
 - Póstkort: Konungskoman 1926 (3 ljósmyndir); sumarkort, afmælskort, jóla- og nýárskort og kort send af öðru tilefni, flest frá þriðja tug 20. aldar.
 - Brynleifur Tóbiasson: Horft um öxl og fram á leið. Þrjú útvarpserindi, flutt í ágúst 1944 og fjórða, sem útvarpsráð synjaði um flutning á. Reykjavík 1944.
 - Minniskompa um mótormaskínu.

- Mappa inniheldur eftirfarandi:
Hjónavígslubréf Enoks Helgasonar og Petrínu Kjartansdóttur 3. október 1927.
Símskeyti, fjögur talsins, í tilefni brúðkaups Petrínu og Enoks 4. og 9. október 1927, umslag fylgir einu þeirra.
Bréf árituð Enoki Helgasyni, tvö að tölu, annað frá Kristjáni Hjálmarssyni, dagsett í Sauðanesi 12. janúar án árs, sennilega 1935, hitt frá Guðmundi Jósafatssyni, í Austurhlíð, A.-Hún. dagsett 12. apríl 1949.
Ræða um áfengisvandann, án höfundarnafns.

Einkunnablað Enoks Helgasonar 20. mars 1915 úr Lýðskólanum í Hjarðarholti, veturinn 1914-15, í umslagi.

Einkunnarblað Petrínu Kjartansdóttur 31. maí 1912 úr Grunnvíkurskóla.

Vottorð um félagsaðild í Hinu íslenska bókmentafjelagi, 14. janúar 1917.

Hlutabréf í Eimskipafjelagi Íslands, 1. júlí 1914.

Ljóð, handskrifað.

Ljóð, prentuð: Móðir mín, sjötug, eftir Kjartan J. Gíslason; Til Ingólfs læknis Gíslasonar, 1946, eftir Sig. Júl. Jóhannesson; Pétur Hoffman Hallgrímsson, 1920-1945, eftir Einar P. Jónsson; minningarljóð um Guðmund Jónsson, Kletti, Reykholtssdal eftir Guðlaug Jóhannesson, Signýjarstöðum.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir